

## Fundargerð

211. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 6. nóv. 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð**
2. **Loftgæði og aðgerðir, Þorsteinn Jóhannsson frá Umhverfisstofnun**

Þorsteinn Jóhannsson sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun hélt fræðsluerindi um loftmengun frá skemmtiferðaskipum á hafnarsvæðum og svifryk í Akureyrarbæ og helstu aðgerðir til að lagmarka svifryk. Einnig fjallaði Þorsteinn um áhrif svifryks á lýðheilsu og mikilvægi aðgerðaráætlana gegn svifryki og annari loftmengun. Þorsteinn svaraði fyrirspurnum nefndarmanna og heilbrigðisfulltrúa um ýmiss atriði er varða loftmengun og möguleg ráð til úrbóta.

3. **Umræður um loftgæði, m.a. um svifryksvanda í Akureyrarbæ og mengun frá skemmtiferðaskipum og mögulegar aðgerðir**

Að loknum umræðum um erindi Þorsteins var eftirfarandi bókun gerð:

„Svifryksvandi í Akureyrarbæ er lýðheilsuvandamál sem kallar á ákveðnar úrbætur að hálfu Akureyrarbæjar (gatnakerfi bæjarins) og Vegagerðar ríkisins (þjóðvegir). Heilbrigðisnefnd mælist til þess að Akureyrarbær og Vegagerð ríkisins noti eingöngu salt/saltpækil til hálkuvana á Akureyri veturinn 2019 til 2020 og meti árangur af þessari breytingu á verklagi m.t.t. svifryks í Akureyrarbæ að loknum vetri.

Jafnframt verði gert átak í því að efla þrif (sópun og smúlun) á götum bæjarins og að notaður verði sjór og eftir atvikum magnesíumklóríð til rykbindingar á götum bæjarins. Gert verði átak í því að fyrirbyggja að óhreinindi berist á götur bæjarins með vörubílum og vinnuvélum af byggingar- og athafnasvæðum (krafa um vandað verklag og að verktakar þrifi upp eftir sig ef óhreinindi berast út á götur).

Þá er minnt á mikilvægi þess að koma á framfæri fræðslu og upplýsingu til bæjarbúa um mikilvægi þess að velja naglalaus vetrardekk frekar en nagladekk m.t.t. svifryks og lýðheilsu.

Að lokum er gerð tillaga um að Akureyrarbær og Akureyrarhöfn fjárfesti í færanlegum svifryksmæli sem verði notaður gagngert til þess að fylgjast með svifryki víðsvegar í bænum og einnig vegna mengunar frá skemmtiferðaskipum í Akureyrarhöfn (færanlegur mælir til viðbótar við fasta mælistöð sem er til staðar í miðbænum).“

Jafnframt er athygli annara sveitarfélaga vakin á ofangreindri bókun; vegna mögulegra aðgerða gegn svifryki í öðrum þéttbýliskjörnum á starfssvæði heilbrigðisnefndar

## Umsagnir:

1. Hótel í landi Grímsstaða, Skútustaðahreppi; umsögn
2. Deiliskipulagstillaga: Tengivirki á Hólasandi
3. Samþykkt um fráveitu í Skútustaðahreppi

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 og 2 og kynnti vinnu við gerða Samþykktar um fráveitu í Skútustaðahreppi. Heilbrigðisnefnd samþykkir nýja Samþykkt um fráveitu í Skútustaðahreppi

4. Deiliskipulagsbreyting fyrir Rangárvelli, umsögn
5. Krossaneshagi B, breyting á aðalskipulagi, umsögn

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 4 og 5.

Alfreð skýrði jafnfram frá fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um starfsleyfisskyldu fyrirtækja; þar sem gert er ráð fyrir skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu hjá mörgum minni og miðlungsstórum fyrirtækjum; skv. nýju áhættumati sem hefur verið unnið í Umhverfisráðuneytinu. Þessar breytingar eru í umsagnarferli og skiptar skoðanir um málið og hafa Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Samband íslenskra sveitarfélaga lýst ákveðnum efasemdum um fyrirhugaðar breytingar, s.s. hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar, aukið flækjustig og óvissu um beitingu þvingunarúrræða

## Umsóknir um starfsleyfi:

1. Natura sf. kt. 681299-2039, Látraströnd 54, 170 Seltjarnarnesi. Fl. II-Gististaður án veitinga að Hólavegi 1, 650 Laugar. **Samþykkt til 12 ára.**
2. A 1882 ehf. kt. 650319-0520, Hafnartangi 5, 685 Bakkafirði Fl II-Umfangslitlir veitingastaðir. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Bjarni Eyjólfsson, kt. 090856-2949, Hvoli, 641 Húsavík. Fl II-Gististaður án veitinga. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Útibú ehf. kt. 630206-2000, Laugum, 650 Þingeyjarsveit. Fl II-Umfangslitlar áfengisveitingar. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Dorian Lesman kt. 160695-3909, Gaðarsbraut 17, 640 Húsavík. Framleiðsla og sala á fersku Sushi. Aðsetur Hafnarstétt 1 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Sonja Geirs ehf kt. 480318-09, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri, almenn tannlæknaþjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Vitinn veitingar ehf kt. 520115-0180, Strandgata 53, 600 Akureyri, veitingarekstur (áður Arctic ehf ). **Samþykkt til 12 ára.**
8. Olíuferslun Íslands ÓB kt. 500269-3249, Sjafnargötu 2, 603 Akureyri, sjálfsafgreiðslustöð með eldsneyti. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
9. Olena Saievykh kt. 041072-2969, Kaupangsstræti 23, 600 Akureyri, framleiðsla og sala á smákökum. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Lindigarðar ehf kt. 470507-1600, Ósi 601 Akureyri, garðyrkjustöð, þvottur og þökkun á gulrótum of fleiri tegundum af grænmeti. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Global Taste kt. 520819-1500, Hofi, 600 Akureyri, veitingastaður og veisluþjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Veröld bókaútgáfa ehf, kt. 630704-3240, Strandgata 9 (íbúð 205), 600 Akureyri, gisting skv. gistileyfi II. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

13. Abaco ehf kt. 700603-5710, Hrísalundi 1, 600 Akureyri um um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Abaco nudd- og snyrtistofu og spa, með eimbaði og heitum potti. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Kurdokebab ehf kt. 480616-0810, Skipagötu 2, 600 Akureyri, veitingastaður. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Askja Regla musterisriddara kt. 691282-0749, Hlíðarbæ, Hörgársveit, samkomuhús til útleigu (fundir, námskeið, veisluhöld). **Samþykkt til 12 ára.**

### Önnur mál:

Þorkell Björnsson skýrði frá fyrirspurn frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála varðandi afgreiðslu á starfsleyfi á sínum tíma fyrir urðunarstað í Bakkafirði

Stefnt er að því að halda jólafund heilbrigðisnefndar þann 9. des. n.k. á austursvæði í umsjón Þorkels Björnssonar

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.32

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Anna Rósa Magnúsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

Lilja Guðnadóttir